

**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**  
**Innrimel 3, 301 Akranes**  
**kt. 550399-2299**  
**Símar: 4312740 og 4312750**  
**netf: heilbrigðiseftirlit@vesturland.is**

Hvalfjarðarsveit, 16. september 2015.

HB Grandi hf.  
framkv.stj., Inga Jóna Friðgeirsdóttir  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík  
netf: ingajona@hbgrandi.is

### Eftirlitsskýrsla-kvartanir

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) bárust óvenju margar kvartanir vegna ólyktar frá starfsemi fiskþurrkunar HB Granda á Akranesi helgina 4.-6. september s.l. Þannig bárust kvartanir frá tveimur heimilum föstudaginn 4. september, frá fjórum 5. september og frá þremur á sunnudeginum 6. september. Eitt heimili kvartaði alla þrjá dagana.

Af þessu tilefni skoðaði HeV við eftirlit á mánudeginum 7. september sérstaklega alla ferla vegna aldurs hráefnis sem tekið var til vinnslu í vikunni áður, hitastig í kælum og þurrkun hráefnisins.

Á fimmtudegi 3. september var tekið til vinnslu hráefni sem kom í hús 31/08, 1/9 og 2/9 frá fyrirtækjum HB Granda í Reykjavík og Akranesi og frá fiskvinnslunni Kambi í Hafnarfirði. Þennan dag var hráefni sett inn í fjóra klefa (3,5). Hráefnið þennan dag var þorskhausar og afskurður.

Allt hráefnið er geymt ísað í kæliklefa fyrirtækisins þar til það fer í vinnslu.

Á föstudeginum 4. september var tekið til vinnslu hráefni (hausar og afskurður) sem barst í hús frá HB Granda á Akranesi og Reykjavík 1/9, 2/9 og 3/9.

Engar bilanir voru í mengunarvarnabúnaði í forþurrkuninni og við skoðun á stýringum vinnslunnar og upplýsingum sem fram koma í tölvubúnaði voru aðstæður til þurrkunar á laugardeginum mjög slæmar vegna óvenjumikillar úrkomu. Kemur þetta vel fram í þurrkferli og veldur því að þurrktíminn eykst.

Á líunuriti tölvubúnaðar sést hvernig stýringar á lofthita breytast þegar svona aðstæður koma upp.

Fyrir þá sem ekki þekkja þurrkferilinn skal upplýst að sjálfvirkur stýribúnaður stjórnar hitastigi í klefum og loftmagni hverju sinni. Búnaðurinn tekur m.a. mið af veðurfari og raka í hráefninu (sjá mynd 1).

Sjálfvirkur búnaður stjórnar líka stöðugu hitastigi í kæliklefa. Sjá má hvernig búnaðurinn virkar á meðfylgjandi línuriti (mynd 2).

Hægt er að fylgjast með þurrkferlinum þótt viðkomandi sé ekki á staðnum. Einnig er hægt að breyta þurrkferlinu úr fjarlægð og fylgjast með hitastigi í kæliklefa.

Við eftirþurrkunina var settur upp biofilter fyrr í sumar. Ljóst er að búnaðurinn er að skila öðru vísi lykt, þ.e. hún er mildari en áður en búnaðurinn var settur upp.

Við eftirlitið 7. september kom ekkert fram sem bendir til að hreinsibúnaður væri bilaður eða slæmt hráefni tekið til vinnslu.

Því gerði HeV ekki athugasemdir við reksturinn.

Vegna kvartana sem bárust um helgina skal upplýst að vindur stóð af forþurrkuninni og mjög mikill loftraki. Vindur var hægur suðvestlægur upp úr hádegi á föstudag og sneri síðan til suðaustan og sunnanáttar með kvöldinu. Allan laugardaginn var síðan vindur sunnan og SSV stæður, hvassviðri og mikil rigning.

Starfsmenn HeV óku um neðri Skaga hinn 10. september kl. 13.30 og fundu væga lykt frá forþurrkuninni sem lagði upp á hornið á Vesturgötu og Bárugötu og niður að Lambhúsastíg. Enga lykt lagði frá eftirþurrkuninni enda vindátt á þessum tíma sunnanstæð (180-190°) og mikið hvassviðri ( um 15 m/sek).


Þegar farið var um svæðið hinn 15. september s.l. var vindátt norðlæg og því engu lykt að finna á neðri Skaga.

HeV hefur áður tekið fram að ekki hafa komið fram neinar aðferðir til að gera starfsemi sem þessa lyktarlausu.

Fyrirtækið hefur sýnt viðleitni til að minnka lykt s.s. með uppsetningu á biofilter við eftirþurrkunina.

Bent skal á að starfsleyfið fellur úr gildi hinn 1. febrúar n.k. og hefur fyrirtækið sent inn erindi til heilbrigðisnefndar þar sem óskað er eftir framlengingu leyfis þar til skipulagsmál á neðri Skaga eru komin í gegn.

Virðingarfyllst,

  
frankv. heilbrigðiseftirlits.

**Fylgiskjöl:**

Línurit af heimasíðu Faxaflóahafna um vindátt/-styrk og hitastig 04.09-06.09.2015

**Samrit:**

Ásgrímur Kárason, verkstjóri: [asgrimur@hbgrandi.is](mailto:asgrimur@hbgrandi.is).

Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður heilbrigðisnefndar Vesturlands: [ingibjorg.valdimarsdottir@akranes.is](mailto:ingibjorg.valdimarsdottir@akranes.is)

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraneskaupstaðar: [olafur.adolfsson@akranes.is](mailto:olafur.adolfsson@akranes.is)

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar: [regina.asvaldsdottir@akranes.is](mailto:regina.asvaldsdottir@akranes.is)

# Myndir úr tölvubúnaði HB Granda á Akranesi

## Fiskþurrkun í klefa 8 og hitastig lofthita í kæliklefa

